

Aðalfundur Hundaræktarfélags Íslands haldinn 18. maí, 2011, kl. 20.00, á Grand hóteli í Reykjavík og í sal Verkmenntaskólans á Akureyri.

Kl. 20.12 bauð formaður HRFÍ, Jóna Th. Viðarsdóttir, fundarmenn velkomna og setti aðalfund. Í fyrsta skipti var fundurinn haldinn samtímis á Grand hóteli í Reykjavík og í sal Verkmenntaskólans á Akureyri en notast var við fjarfundabúnað til að gera þetta mögulegt.

1. Skipan fundarstjóra, fundarritara og lögmæti fundarins kannað.

Fundarstjóri var skipaður Þorsteinn Þorbergsson og ritari skipuð Guðrún Margrét Baldursdóttir. Að því loknu tók fundarstjóri við stjórn fundarins og gengið var til auglýstrar dagskrár.

Mættir voru 139 fundarmenn í Reykjavík og 11 á Akureyri, samtals 150 félagar. Aðalfundur var auglýstur í 1. tbl. Sáms, sem fór í dreifingu í 9. maí. Einnig var aðalfundurinn auglýstur á vefsíðu HRFÍ og telst hann því löglega boðaður. Engar athugasemdir komu fram við lögmæti fundarins.

2. Skýrsla stjórnar HRFÍ.

Guðríður P. Valgeirsdóttir varaformaður flutti útdrátt úr skýrslu stjórnar, dagsettri 18. maí 2011.

Greint var frá helstu viðburðum hjá félaginu á liðnu ári. Ættbókaskráning hefur aukist um 18% á milli ára. 942 hundar augnskoðaðir á síðastliðnu ári, starfsemi Hundaskólans hefur gengið vel. Skapgerðarmat hefur verið fellt niður fyrir ákv. tegundir vegna skorts á fólki til að starfa við það. Skráningum fjölga stöðugt á sýningar félagsins. Deildasýningar liðins árs voru taldar upp. Þátttaka ungra sýnenda á erlendum sýningum var rakin.

Sólheimakot – ekki var farið í framkvæmdir á síðasta ári, mikil þörf á viðhaldi. Mikið verið kvartað út af slæmri umgengni. Rætt við Mosfellsbæ um aðstoð við viðhald.

Samstarf við hundaræktarfélög á Norðurlöndum stendur í blóma. Myndir frá Íslandi komust í úrslit ljósmyndasamkeppni FCI en hlutu ekki verðlaun. Samningur á milli HRFÍ og Pedigree um styrktaraðild á sýningum hefur verið gerður. Ræktunarnámskeið var haldið í nóvember sl. Vel heppnaður stefnumótunardagur var haldinn í febrúar sl., búið er að tilefna féлага í stefnumótunarnefnd og skemmti- og viðburðanefnd.

Breyting á lögum um fjöleignahús mikil bót. HRFÍ sendi stuðningsyfirlýsingu til fjölmiðla vegna frumvarpsins. Einnig styður HRFÍ frumvarp um breytingu á lögum um innflutning hunda. Fulltrúar frá HRFÍ voru á samráðsþingi MAST. Fundur með töllyfirvöldum varðandi verðmat á hundum. Tillögur frá borginni um lokun vegar á Geirsnefi og hundagerði á Klambatúni.

Námskeið hefur verið haldið fyrir 14-35 ára sem vilja verða dómara á hundasýningum. 15 félagsmenn skráðir á námskeiðið. Stjórn HRFÍ stefnir að því að bjóða upp á hefðbundið dómaraþám á næstunni.

Fulltrúar úr stjórn fara á aðalfund FCI í sumar – þar verður umsókn HRFÍ um fullgilda aðild tekin fyrir. Árleg Laugavegsganga verður í byrjun september. Hringstjóra- og ritarnámskeið verður haldið í júní eða ágúst. HRFÍ boðið að vera með kynningarbás á Nordic Winner Show í Stokkhólmi.

Nær allt starf félagsins er unnið í sjálfböðavinnu, árhersla var lögð á hversu mikils virði óeigingjarnt starf félagsmanna er.

Skýrslan í heild sinni er á heimasíðu félagsins www.hrfi.is og kom fram að hún hefði verið sett inn á heimasíðuna að morgni sama dags. Var gerður góður rómur að máli Guðríðar.

3. **Ársreikningar félagsins, ásamt skýrslum löggilts endurskoðanda og félagskjörinna skoðunarmanna fyrir síðastliðið ár, lagðir fram til staðfestingar.**

Súsanna Antonsdóttir, gjaldkeri, gerði grein fyrir ársreikningi félagsins, sem lá frammi á fundinum.

Farið var yfir helstu atriði rekstrarreiknings fyrir árið 2010. Hagnaður er af rekstri félagsins. Farið var yfir helstu atriði efnahagsreiknings fyrir árið 2010.

Fundarstjóri gerði grein fyrir tveimur eintökum reikninga, ársreikningi og samstæðureikningi. Opnað var fyrir fyrirspurnir eða athugasemdir við reikninga félagsins.

Pétur Alan tók til máls og spurðist fyrir um liðina „ógreidd rekstrargjöld“ og „vefkerfi“. Súsanna svaraði fyrirspurnum og taldi upp þá reikninga sem voru ógreiddir um áramót og mynda liðinn ógreidd rekstrargjöld. Fundarstjóri svaraði fyrirspurn um liðinn vefkerfi og greindi frá starfi við tölvu- og vefkerfi félagsins.

Guðmundur Guðmundsson frá Retrieverdeild gerði athugasemd við liðinn „útgáfukostnað“. Var útskýrt af gjaldkera að sá liður væri færður til gjalda í rekstrarreikningi en prentkostnaður væri ógreidd skuld um áramót og því færður í efnahagsreikning. Þessir liðir eru báðir vegna Sáms.

Pétur Alan tók aftur til máls og gerði athugasemdir við að skýringar við reikningana væru ekki settar inn á heimasíðuna.

Bára Einarsdóttir tók til máls og bar fram spurningu um launakostnað. Hvaða starfsmenn væru á launum og hver launin væru.

Ólöf Elíasdóttir tók til máls og gerði athugasemd við það að sundurliðunarblað vanti með ársreikningi og einnig að það komi ekki fram á vefsíðu. Einnig spurði hún um liðinn „verðtryggt lán“. Einnig var spurt um „aðrar rektrartekjur“. Gjaldkeri félagsins sat fyrir svörum varðandi þessa liði en kvaðst ekki vilja greina frá mánaðarlaunum starfsmanna félagsins. Spurt var um skrifstofu- og stjórnunarkostnað, fundarstjóri útskýrði þá liði.

Reikningar félagsins voru bornir upp við fundinn og var mikill meirihluti fundarmanna fylgjandi samþykki þeirra.

Hlé gert á fundinum kl. 21.09.

Fundi var fram haldið kl. 21.32.

4. **Skýrsla um starfsemi siðanefndar**

Fulltrúi frá siðanefnd, Kristín Sveinbjörnsdóttir, flutti skýrslu siðanefndar HRFÍ. Nefndin hefur fundað 30 sinnum frá 31. maí 2010 og fram til dagsins í dag. 62 mál hafa risið á hendur 72 félagsmönnum. Áminning hefur verið veitt 52 félagsmönnum, fundið að háttsemi tveggja og einn félagsmaður verið sviptur ræktunarnafni. Afgreiðslutími mála hefur verið tiltölulega stuttur. Góður rómur var gerður að tölu Kristínar.

5. **Starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar samþykkt fyrir næsta starfstímabil.**

Súsanna Antonsdóttir gjaldkeri kynnti rekstraráætlun fyrir árið 2011. Alls eru 53.721.000 kr. áætlaðar í tekjur. Alls kr. 49.583 í rekstrargjöld. Rekstrarhagnaður áætlaður kr. 4.138.000. Rekstraráætlun fyrir árið 2010 stóðst nánast upp á krónu. Viðsnúningur hefur orðið á rekstri félagsins um nálægt kr. 6.000.000.

Rekstraráætlun var borin undir atkvæði og var hún samþykkt með stærstum hluta atkvæða.

6. Lagabreytingar

Fundarstjóri gerði grein fyrir lagabreytingatillögum Guðríðar Magnúsdóttur, sem stödd var á Akureyri.

1. Tillaga að lagabreytingum frá Guðríði Magnúsdóttur:

Neðangreindar tillögur taka til nokkurra lagagreina þar sem bætast við ákvæði um birtingu á heimasíðu félagsins.

Breyting á 8. grein , lið 10:

Setningunni „Erindi um þess háttar mál skulu vera skrifleg og hafa borist stjórn HRFÍ fimm dögum fyrir aðalfund og skulu tillögur um önnur mál liggja frammi á skrifstofu félagsins.”

*Verði breytt í „Erindi um þess háttar mál skulu vera skrifleg og hafa borist stjórn HRFÍ fimm dögum fyrir aðalfund og skulu tillögur um önnur mál liggja frammi á skrifstofu félagsins **og á heimasíðu félagsins**”*

Breyting á 10. grein.

Aftan við 10. grein bætist við eftirfarandi ákvæði:

„Kynning á frambjóðenda skal liggja frammi á heimasíðu félagsins eigi síðar en 10. apríl.”

Breyting á 29. grein:

*Setningunni „Lagabreytingartillögur skulu liggja frammi á skrifstofu **og heimasíðu félagsins a.m.k. viku fyrir aðalfund.**”*

Greinargerð með tillögu:

Ljóst er að margt landsbyggðarfólk hefur ekki verið að gera sér ferð í bæinn á skrifstofu félagsins til að kynna sér þær lagabreytingar og tillögur sem koma til umfjöllunar fyrir aðalfund. Mikilvægt er að auðvelda aðgengi allra félagsmanna að þessum upplýsingum og heimasíða félagsins er kjörinn vettvangur til þess.

Fram kom að tillagan er studd heilshugar af stjórninni. Tillöguna þarf að samþykkja með 2/3 hluta atkvæða. Var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum nema einu.

2. Tillaga að lagabreytingum frá Guðríði Magnúsdóttur

Neðangreindar tillögur taka til nokkurra lagagreina þar sem bætast við ákvæði um rafrænar kosningar til stjórnar HRFÍ.

Breyting á 8. grein, lið 1:

Á eftir setningunni „Skipan fundarstjóra, fundarritara og lögmæti fundarins kannað komi: Lokað fyrir rafræna kosningu formanns og /eða annarra stjórnarmanna.

Breyting á 8. grein, liður 7:

Kosning formanns HRFÍ og annarra stjórnarmanna skv. 10. gr. verði breytt í: Úrslit úr rafrænni kosningu til formanns HRFÍ og annarra stjórnarmanna skv. 10 gr. liggur fyrir.

Breyting á 9. grein,

A) Setningin „Atkvæðagreiðsla fer fram með handauppréttingu” verði breytt í „Atkvæðagreiðsla á fundarstað fer fram með handauppréttingu.

B) Setningin „Við kosningar á milli manna skal atkvæðagreiðsla vera skrifleg, fari einhver fundarmanna fram á það” verði breytt í „Við kosningar á milli manna á fundarstað skal atkvæðagreiðsla vera skrifleg, fari einhver fundarmann fram á það.

Breyting á 10. grein.

Á eftir setningunni „Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara” bætist við „Kosning skal vera rafræn. Lykilorð vegna kosninga skal sendast félagsmönnum með öruggum hætti a.m.k. fjórum virkum dögum fyrir aðalfund”

Greinargerð með tillögu:

Ljóst er að margir félagsmenn hafa ekki verið að gera sér ferð á aðalfund félagsins til að nýta sér atkvæðarétt sinn til stjórnarkjörs. Mikilvægt er að auðvelda aðgengi allra félagsmanna á að kjósa í stjórn félagsins hverju sinni þar sem stjórn félagsins hingað til hefur einungis haft kosningu frá um 10% félagsmanna. Félagsmenn HRFÍ hafa margoft á aðalfundum samþykkt tillögu um að taka upp utankjörfundaratkvæðagreiðslu, en stjórn félagsins ekki framkvæmt ennþá.

Fundarstjóri tók að sér að gera grein fyrir lagabreytingartillögunum. Jóna Th. Viðarsdóttir, formaður HRFÍ, lagði til að **lagabreytingartillögunni yrði vísað frá** vegna þess að samhljóða tillaga hefði verið borin undir atkvæði og felld fyrir ári síðan en tillaga um fundi annarsstaðar á landinu samtímis fundi í Reykjavík hefði verið samþykkt og sú framkvæmd væri nú til reynslu.

Kosið var um **dagskrártillögu** Jónu Th. Viðarsdóttur, formanns félagsins, þess efnis að lagabreytingartillögu Guðríðar Magnúsdóttur nr. 2 yrði vísað frá og urðu úrslit þeirrar kosningar, sem fram fór með handauppréttingum, að lagabreytingartillögunni var vísað frá með meirihluta greiddra atkvæða.

3. Tillaga að lagabreytingu frá Þorsteini Kristinssyni, Huldu Björt Magnúsdóttur, Ingu Fanney Egilsdóttur, Þórarinni Pálssyni, Sigrúnu Grétu Einarsdóttur, Ásthildi Bragadóttur og Klöru Guðrúnu Hafsteindóttur.

Neðangreind tillaga tekur til breytinga á 10. grein laga HRFÍ um kjör til stjórnar félagsins. Breytingin tekur til ákvæðis um endurkjör.

Eftir breytingu yrði 10. grein laga HRFÍ eftirfarandi:

„10. Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum og tveimur til vara. Formann skal kjósa sérstaklega til tveggja ára í senn. Árlega skal kjósa sameiginlega tvo meðstjórnendur til tveggja ára. Árlega skal kjósa einn varamann til tveggja ára. Endurkjör er leyfilegt en enginn skal þó sitja lengur í stjórn en þrjú kjörtímabil (sex ár) samfelld en getur að einu kjörtímabili liðnu (tveimur árum),

gefið kost á sér aftur. Framboðsfrestur til stjórnarkjörs rennur út 30. mars ár hvert”

Greinargerð með tillögu:

Breyting á ákvæði um endurkjör er fyrst og fremst hugsuð til að tryggja eðlilega endurnýjun á stjórninni og fyrirbyggja stöðnun í uppbyggingu félagsins. Hætt er við að sú reynsla og þekking sem myndast innan stjórnarinnar dreifist á of fáar hendur og að það hamli eðlilegri þróun félagsins. Einnig virkar það sem hvati á þá sem láta félagið sér varða að koma sér á framfæri þegar fleir sæti í stjórninni losna. Endurkjör sitjandi stjórnarmanna hefur oftast verið gulltryggt og óhjákvæmilega dregur það úr vilja áhugasamra að gefa kost á sér. Nýjar áherslur koma með nýju fólki og tryggja þarf að stjórn HRFÍ verði sá farvegur sem tryggir framþróun félagsins en verði ekki hamlandi afl staðnaðra viðhorfa.

Fundarstjóri tók að sér að gera grein fyrir lagabreytingartillögu nr. 3.

Opnuð var mælendaskrá um tillöguna og tók Jóna Th. Viðarsdóttir, formaður, til máls. Var megininntak máls hennar að sú framkvæmd sem væri við lýði væri eins lýðræðisleg og hugsast gæti og það væri misskilningur að endurkjör væri gulltryggt. Að lokum lagði formaður til að tillögunni yrði vísað frá. Gerð var athugasemd við að allir viðstaddir hefðu ekki kosningarétt á fundinum og því voru greidd atkvæði með uppréttingu kjörseðla.

Eftir að kosning hafði farið fram með handauppréttingu kjörseðla kom fram að farið hafði verið fram á skriflega kosningu á fundinum á Akureyri. Hafnaði fundarstjóri því þar sem tillagan væri of seint fram komin.

Var kosningin endurtekin eins og fyrr, með handauppréttingu atkvæðaseðla og fór atkvæðagreiðslan eins og hér segir: **Já: 51 Nei: 68. Dagskrártillaga um að vísa lagabreytingartillögunni frá var því felld.**

Farið var fram á skriflega kosningu um lagabreytingartillöguna og var það samþykkt. Úrslit skriflegra kosninga um lagabreytingartillöguna urðu þau að **tillagan var felld.**

4. Tillaga að lagabreytingu frá stjórn HRFÍ

Tillagan tekur til breytinga á grein 27 í kaflanum IX. Siðanefnd og agareglur. Breytingin tekur til ákvæðis siðanefndar um birtingu úrskurða.

27. grein hljóðar svo:

“Siðanefnd kemur saman ef fyrir liggur skrifleg, rökstudd kæra frá félagsmanni eða stofnun innan HRFÍ. Aðilar málsins mega tjá sjónarmið sín fyrir nefndinni og skal hún leita sátta en úrskurða ella. Mál skulu tekin fyrir og afgreidd svo fljótt sem unnt er. Siðanefnd getur úrskurðað í málum til bráðabirgða samkvæmt kröfu málsaðila ef ríkar ástæður eru til þess að mati nefndarinnar. Bráðabirgðaúrskurðir siðanefndar gilda í tiltekin tíma og er hámarkslengd slíkra úrskurða 3 mánuðir. Siðanefnd getur í einstökum málum fjölgað í nefndinni með því að kalla inn í hana löglærðan fulltrúa utan félagsins.

Á fundum siðanefndar ræður afl atkvæða um úrskurði nefndarinnar. Úrskurðurinn skal vera rökstuddur og skal ávallt birtur málsaðilum innan viku frá því að úrskurður er kveðinn upp. Úrskurður siðanefndar er endanlegur.

Úrskurðir skulu birtir í Sámi og á vefsíðu HRFÍ. Siðanefnd getur endurskoðað ákvarðanir sínar ef ríkar ástæður eru til.”

Eftir breytingu yrði 27. grein í kafla IX. Siðanefnd og agareglur eftirfarandi:

“Siðanefnd kemur saman ef fyrir liggur skrifleg, rökstudd kæra frá félagsmanni eða stofnun innan HRFÍ. Aðilar málsins mega tjá sjónarmið sín fyrir nefndinni og skal hún leita sátta en úrskurða ella. Mál skulu tekin fyrir og afgreidd svo fljótt sem unnt er. Siðanefnd getur úrskurðað í málum til bráðabirgða samkvæmt kröfu málsaðila ef ríkar ástæður eru til þess að mati nefndarinnar. Bráðabirgðaúrskurðir siðanefndar gilda í tiltekin tíma og er hámarks lengd slíkra úrskurða 3 mánuðir. Siðanefnd getur í einstökum málum fjölgað í nefndinni með því að kalla inn í hana löglærðan fulltrúa utan félagsins.

Á fundum siðanefndar ræður afl atkvæða um úrskurði nefndarinnar. Úrskurðurinn skal vera rökstuddur og skal ávallt birtur málsaðilum innan viku frá því að úrskurður er kveðinn upp. Úrskurður siðanefndar er endanlegur. Úrskurðir skulu birtir á vefsíðu HRFÍ. Siðanefnd getur endurskoðað ákvarðanir sínar ef ríkar ástæður eru til.”

Greinargerð með tillögu:

Úrskurðir siðanefndar eru margir og langir. Með því að þurfa að birta þá í félagsblaði félagsmanna er verið að greiða of mikinn pening fyrir lesefni sem auðveldlega er hægt að nálgast á vefsíðu HRFÍ. Ef félagsmenn eru ekki með netið er hægt að láta prenta út úrskurðina á skrifstofu HRFÍ.

Fundarstjóri gerði grein fyrir lagabreytingatillögu nr. 4 og opnaði mælendaskrá um hana. Ragnar Sigurjónsson tók til máls og lýsti sig samþykkan því að úrskurðir yrðu birtir á Netinu en ekki í Sámi. Fleiri tóku ekki til máls og var tillagan borin undir atkvæði. Var kosið með handaruppréttingu með atkvæðaseðlum og var hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

7. Kosning formanns HRFÍ og annarra stjórnarmanna skv. 10.gr.

Fundarstjóri gerði grein fyrir frambjóðendum og fyrirkomulagi kosninga.

Framboð til formanns:

Jóna Th. Viðarsdóttir, sitjandi formaður, var ein í framboði til formanns og var hún því sjálfkjörin. Var kjöri hennar fagnað með lófataki.

Kosið var um tvo menn í aðalstjórn.

Úr aðalstjórn gengu Margrét Kjartansdóttir og Björn Ólafsson.

Í framboði í aðalstjórn til 2ja ára voru:

Anna María Flygenring, 83 atkvæði
Auður Sif Sigurgeirsdóttir, 72 atkvæði
Björn Ólafsson, 82 atkvæði
Margrét Kjartansdóttir, 43 atkvæði

Bauð fundarstjóri frambjóðendum að kynna sig í stuttu máli og gerðu þeir það í sömu röð og hér að ofan. Var gerður góður rómur að máli þeirra allra. Gengið var til skriflegra kosninga að loknum framboðsræðum.

Úrslit kosninganna má sjá hér að ofan við nöfn frambjóðenda. Voru Anna María og Björn því réttkjörin í aðalstjórn HRFÍ.

Kosið var um einn mann í varastjórn.

Úr varastjórn gekk Auður Sif Sigurgeirsdóttir.

Í framboði í varastjórn til 2ja ára voru:

Anna María Flygenring
Auður Sif Sigurgeirsdóttir
Björn Ólafsson

En þar sem Anna María og Björn voru kjörin í aðalstjórn og var Auður Sif ein í framboði til varastjórnar. Var kosningu hennar fagnað með lófataki.

8. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna og tveggja til vara.

Framkvæmdastjóri HRFÍ, Valgerður Júlíusdóttir, tók að sér fundarstjórn um kosningu félagskjörinna skoðunarmanna. Gerði Ragnar Sigurjónsson athugasemd við að talningarmenn fengju ekki tækifæri til að greiða atkvæði þar sem þeir væru fjarverandi við talningu og var fallist á að bíða með kosningu. Kom fram áskorun um að annar hvor skoðunarmanna útskýrði í hverju starf skoðunarmanna fælist og varð Þorsteinn Þorbergsson við því. Var gerður góður rómur að máli hans.

Í framboði í embætti félagskjörinna skoðunarmanna voru:

Aðalmenn: Þorsteinn Þorbergsson og Kristín Sveinbjörnsdóttir
Varamenn: Gunnar B. Gunnarsson og Margrét Dögg Halldórsdóttir

Þar sem mótframboð bárust ekki voru frambjóðendur sjálfkjörnir og kjöri þeirra fagnað með lófataki.

9. Kosning siðanefndar

Siðanefnd skal kosin á aðalfundi HRFÍ ár hvert. Í nefndinni sitja þrjú fulltrúar félagsmanna HRFÍ, jafnframt skal kjósa tvo varafulltrúa. Nefndarmenn og varamenn þeirra geta ekki verið stjórnarmenn í aðalstjórn HRFÍ. Siðanefnd velur sér formann.

Núverandi stjórn siðanefndar gaf kost á sér í endurskjöri:

Herdís Hallmarsdóttir hrl., Kristín Sveinbjörnsdóttir og Hilmar Sigurgíslason gáfu öll kost á sér til áframhaldandi setu í Siðanefnd sem aðalmenn. Guðrún Sigríður Sigurðardóttir og Guðmundur Helgi Gunnarsson gáfu kost á sér til áframhaldandi setu í Siðanefnd sem varamenn.

Fundarstjóri gerði grein fyrir framboðum og þar sem mótframboð bárust ekki voru frambjóðendur sjálfkjörnir.

10. Önnur mál.

Erindi um þess háttar mál skulu vera skrifleg og hafa borist stjórn HRFÍ fimm dögum fyrir aðalfund og skulu tillögur um önnur mál liggja frammi á skrifstofu félagsins. Ef tillaga er lögð fram á aðalfundi um mál sem ekki er að finna undir önnur mál skv. þessum tölulið, getur fundurinn ákveðið að taka hana til umfjöllunar, en ekki til ákvörðunar.

Fundarstjóri lýsti mælendaskrá opna um önnur mál.

Anna María Flygenring tók til máls um úrskurði siðanefndar HRFÍ. Kvaðst hún vera undrandi á því hversu margir félagsmenn brytu reglur félagsins um aldur tíka og augnskoðun fyrir þörun. Taldi hún að eitthvað hlyti að vera óskýrt í reglum félagsins. Ragnar Sigurjónsson bað um orðið og kvaðst ánægður með viðbrögð félagsins við árás hunds í Mosfellsbæ. Hvatti hann félagsmenn til að taka þessi mál til alvarlegrar athugunar. Tók fundarstjóri undir orð hans.

Halldór Björnsson tók til máls og kvað vilja breyta reglum varðandi tilhögun veiðiprófa í tegundahópum 7 og 8. Kvatti hann stjórn félagsins til að taka þessar reglur til endurskoðunar. Afhenti hann stjórn tillögur sínar skriflega.

1. Erindi frá Diljá Þorgeirsdóttur

From: Diljá Þorgeirsdóttir [mailto:dilja.thorgeirsdottir@gmail.com]

Sent: 12. maí 2011 00:11

To: hrfi@hrfi.is

Subject: Tillaga fyrir aðalfund

Undirrituð óskar eftir því að eftirfarandi erindi verði tekið fyrir á aðalfundi Hrfí 18. maí 2011 undir liðnum önnur mál og verði tekið þar til umfjöllunar og ákvörðunar:

Pinscher-, Mastiff og Fjallahundadeild barst erindi frá tengiliði Enskis bulldogs varðandi flutning tegundarinnar yfir í smáhundadeild. Stjórn smáhundadeildar sér ekkert því til fyrirstöðu og telur þennan flutning geta styrkt deildina ef eitthvað er sérstaklega þar sem Franskur bulldog er þar fyrir og eru þetta tvær náskyldar tegundir. Í öllum okkar nágrannalöndum eru Franskir og Enskir bulldog saman í deild og eiga vel saman. Þessar tegundir eru með svipuð heilsufars vandamál og eru frábrugðnar öðrum tegundum á margan hátt. Erindið var tekið fyrir á aðalfundi Pinscher-, Mastiff og Fjallahundadeildar og einróma samþykkt. Tegundin býr ekki yfir þeim vinnuhundaeiginleikum sem þeir voru upprunalega ræktaðir til. Einnig eru heilsufarskröfur þessarar tegundar ekki sambærilegar við aðrar tegundir innan PMF-deildar. Í dag er Enskur bulldog fyrst og fremst selskapshundur. Stjórn PMF telur því hagsmunum allra best þjónað með því að verða við þessari beiðni og muni styrkja tegundina til muna hér á landi.

Virðingarfyllst

H. Diljá Þorgeirsdóttir

Diljá Þorgeirsdóttir kynnti tillögu sína og benti á að tillagan væri rétt fram borin til að hægt væri að fjalla um hana og bera hana undir atkvæði á fundinum.

Fundarstjóri lýsti eftir athugasemdum um tillöguna og tók Ólöf Elíasdóttir til máls og kvaðst styðja hana. Formaður félagsins tók til máls og kvaðst hugsandi yfir tillögunni vegna fordæmisgildis. Kvaðst hún jafnframt efast um lögmæti þess að fundurinn greiddi atkvæði um tillöguna vegna þess að hann gæti aðeins greitt atkvæði um stofnun eða niðurlagningu ræktunardeildar.

Lára Birgisdóttir kvaðst á móti tillögunni, Bára Einarsdóttir kvaðst styðja hana. Hafrún hjá PMF-deild kvaðst fylgjandi tillögunni vegna hagsmuna viðkomandi tegundar. Diljá Þorgeirsdóttir tók aftur til máls og ítrekaði að á hinum Norðurlöndunum væru klúbbar stofnaðir um bulldog tegundirnar tvær þótt hundaræktarfélag þeirra landa væru innan FCI. Rakel tók til máls og benti á að beina ætti tillögunni til FCI.

Rætt var nánar um hvort tillagan stangaðist á við lög félagsins er kveða á um þau mál er aðalfundur fjallar um. Lagði fundarstjóri til að tillagan yrði tekin til atkvæða - síðan fari tillagan til laganefndar HRFÍ, sem fjalli um hvort sú afgreiðsla sé í samræmi við lög félagsins. Var ákveðið að ganga til atkvæða og fóru þau sem hér segir:

Samþykktir: 67, á móti: 19. Tillagan var samþykkt og henni vísað til laganefndar félagsins.

2. Erindi frá Guðríði Magnúsdóttur

From: Guðríður Magnúsdóttir [mailto:vidvik@mi.is]

Sent: 10. maí 2011 16:39

> To: hrfi@hrfi.is

> Cc: Lára Björk Birgisdóttir

> Subject: tillaga til aðalfundar HRFÍ sem halda á þann 18.mai 2011

> Viðvík 10.mai 2011

> Tillaga um að meistarastigssýning félagsins sem haldin er árlega í

> júní mánuði, verði haldinn úti við, þ.e. undir berum himni, víðsvegar

> um landið hverju sinni og ákveði verði með tillögum frá félagsmönnum á

> aðalfundi HRFÍ með a.m.k.12 mánaða fyrirvara hvaða staður verði fyrir

> valinu og þá með tilliti til aðstöðu hvers svæðis sem til greina

> kemur.

>

> Guðríður Magnúsdóttir

>

> afrit sent á Fjár og Hjarðhundadeild

Guðríður gerði grein fyrir erindi sínu um fjarfundabúnað frá Akureyri. Fundarstjóri lýsti eftir athugasemdum. Pétur Alan tók til máls og lýsti sig fylgjandi erindinu. Ragnar Sigurjónsson lýsti sig andvígán sýningum utandyra hér á landi. Björn Ólafsson tók til máls og lýsti sig andvígán tillögunni. Sigurlaug Hauksdóttir benti á að hvorki væri talað um að flytja búnað né að sýningarnar ættu að fara fram á Akureyri. Jóna Th. Viðarsdóttir kvað ekki raunhæft að flytja sumarsýningu HRFÍ annað en hvatti deildir til að halda sýningar utandyra. Halldór Björnsson benti á að viðburðir í kringum veiðihunda hefðu farið fram annarsstaðar en í Reykjavík. Hvatti hann til að prófað væri að byrja á minni sýningum.

Að loknum umræðum var **tillagan borin undir atkvæði og var hún felld.**

3. Erindi frá Klöru Guðrúnu Hafsteinsdóttur

From: Klara Hafsteinsdóttir [mailto:rosetopps@gmail.com]

Sent: 10. maí 2011 14:55

To: Stjórn; hrfi@hrfi.is

Subject: Tillaga fyrir aðalfund 18. maí 2011

Undirrituð óskar eftir því að eftirfarandi erindi verði tekið fyrir á aðalfundi HRFÍ 18. maí 2011 undir liðnum önnur mál og verði tekið þar til umfjöllunar og ákvörðunar:

"Stjórn auglýsi starf framkvæmdastjóra sem nú ætti að vera fullmótað og þess verði gætt við ráðningu að framkvæmdastjóri sé aðili utan stjórnar eðli starfsins samkvæmt. Stjórn setji fram hæfniskröfur í samræmi við sambærileg störf og ráði hæfasta aðilann í starfið. Miðað við að þessu ferli sé lokið innan sex mánaða."

Klara Guðrún Hafsteinsdóttir

Klara kynnti erindið nánar og óskaði eftir skriflegri atkvæðagreiðslu um tillöguna. Jóna Th. Viðarsdóttir, formaður félagsins, tók til máls og lagði fram dagskrártillögu um að erindinu yrði vísað til stjórnar HRFÍ, sem sæi um ráðningar starfsfólks samkvæmt lögum félagsins. Fundarstjóri benti á þann lagaskilning að lagabreytingatillaga þyrfti að koma fram til þess að kveðja á um að framkvæmdarstjóri mætti ekki vera í framboði til stjórnar.

Dagskrártillaga um að erindinu yrði vísað til stjórnar HRFÍ var borin undir atkvæði og fóru þau þannig að já sögðu 33 og nei sögðu 72. Gengið var því til skriflegra kosninga um erindið.

Úrslit atkvæðagreiðslu um erindi nr. 3 urðu: Já: 93, nei: 30, auðir seðlar: 6. Var erindið því samþykkt.

Sirry Halla tók til máls og lagði til að dómarrar í vinnuprófum gættu samræmis í störfum sínum. Jafnframt þakkaði hún stjórn Vinnuhundadeildar fyrir gott starf. Anna María Flygenring þakkaði traust það sem henni væri sýnt með góðri kosningu. Guðríður Magnúsdóttir tók til máls á Akureyri um nokkur atriði. Gagnrýndi hún að erfitt væri að fá kvittanir fyrir greiddri þjónustu hjá HRFÍ, ársskýrslan taldi hún að hefði komið of seint inn á heimasíðuna en hún kom inn á síðuna kl. 10.24 sama dag, samkvæmt athugasemd formanns. Spurði Guðríður hvers vegna félagaskrá HRFÍ lægi ekki frammi á heimasíðunni.

Pétur Alan bað um orðið og kvaðst vonast til að ný heimasíða kæmist fljótt í gagnið og gagnrýndi skort á samskiptum skrifstofu félagsins við félagsmenn. Hann taldi að fækka ætti deildum og að lengja ætti opnunartíma skrifstofu.

Margrét Kjartansdóttir tók til máls og óskaði nýkjörinni stjórn til hamingju með kjörið og þakkaði félagsmönnum fyrir samstarfið á liðnum árum.

Fundarstjóri þakkaði góða fundarsetu og lét af störfum.

Formaður tók til máls og þakkaði félögum fyrir gott samstarf á liðnu ári. Kvaðst hún líta björtum augum fram á næsta ár með von um gott starf innan félagsins. Óskaði hún nýkjörnum stjórnarmönnum til hamingju með kjörið og þakkaði starfsmönnum fundarins. Að þeim orðum sögðum lýsti hún aðalfundi slitið.

Fundi slitið kl. 00.36

Fært til bókar samkvæmt bestu vitund,
Guðrún Margrét Baldursdóttir.